

***BORGARRÁÐ 08.09.2016 - Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um skoðun verkferla við sölu og ráðstöfun fasteigna og lóða sl. 4 ár - R16090052***

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Við óskum eftir því að innri endurskoðanda verði falið að skoða alla verkferla við sölu/ráðstöfun allra fasteigna og lóða sem hafa verið í eigu Reykjavíkurborgar síðastliðin 4 ár. Sérstaklega skal horft til ákvarðanatöku við verðlagningu og sérstaka ívilnandi samningsskilmála sem kunna að hafa verið settir.



Reykjavíkurborg  
Innri endurskoðun

Reykjavík, 27. mars 2017  
IE17030008  
3.3.0

Málsnr.: R16090052  
Skjalasafn Ráðhúss  
28. mars 2017  
Bréfalykill:

Borgarráð  
Sigurður Björn Blöndal, formaður borgarráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Umsögn um tillögu að úttekt á verkferlum við sölu/ráðstöfun allra fasteigna og lóða sem hafa verið í eigu Reykjavíkurborgar síðastliðin 4 ár.***

Óskað hefur verið eftir umsögn innri endurskoðanda um eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 8. september 2016:

*Við óskum eftir því að innri endurskoðanda verði falið að skoða alla verkferla við sölu/ráðstöfun allra fasteigna og lóða sem hafa verið í eigu Reykjavíkurborgar síðastliðin 4 ár. Sérstaklega skal horft til ákvarðanatöku við verðlagningu og sérstaka ívilnandi samningsskilmála sem kunna að hafa verið settir.*


Innri endurskoðun gerði úttekt á umsýslu lóðamála hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar á árinu 2016. Markmið úttektar var að yfirfara málsmeðferð og ferli við lóðaúthlutun og sölu byggingarréttar m.t.t. reglna og greina aðkomu mismunandi aðila innan borgarinnar að þeirri vinnu. Hins vegar að greina fyrirkomulag innra eftirlits með sölu/leigu lóða og byggingarréttar og gera tillögur að bættri framkvæmd umsýslu og innra eftirlits ef þörf krefur. Innri endurskoðun framkvæmdi skoðun sína með úrtakskönnun á lóðaúthlutunum á föstu verði, úthlutunum með útboðsfyrirkomulagi og úthlutunum með lóðavilyrðum sem almennt er talin fullnægjandi aðferð við framkvæmd úttektar.

Meðal mikilvægra ábendinga úttektar var að ljúka vinnu/uppfæra og samþykkja fyrirbyggjandi verkferla formlega. Einnig var bent á að efla þarf innra eftirlit hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til að tryggja fylgni við gildandi reglur um kaup og sölu fasteigna, m.a. þegar leita skal eftir/ráða fasteignasala til að gera verðmat fyrir lóðir. Þá var bent á að leggja þarf aukna áherslu á að ítarlegur rökstuðningur fyrir ráðstöfun lóðar fylgi greinargerð/tillögu til borgarráðs þegar ákveðið er að víkja frá þeirri almennu reglu að auglýsa lóð/byggingarrétt eða nota útboð. Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar var bent á að taka ábendingarnar til meðhöndlunar. Í bréfi skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til innri endurskoðunar dags. 27. þ.m. kemur fram að innan skrifstofunnar hefur verið unnið að

endurgerð og formlegri útgáfu verkferla og að í vinnu starfsmanna sé verið að taka tillit til ábendinga sem Innri endurskoðun setti fram í mars 2016.

Á áætlun Innri endurskoðunar þessa árs er að fylgja eftir með sérstakri skoðun hvaða úrbætur hafa verið gerðar á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar vegna ábendinga í fyrrgreindri úttekt.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Hallur Símonarson', written in a cursive style.

Hallur Símonarson